



Grunnskóli Fjallabyggðar

Námsval haustönn 2025, útskýringar

Val A (tímabilið frá hausti og fram að áramótum, 1 klst á viku)

Prjón og hekl (Mæja Leifs): Bæði fyrir byrjendur og lengra komna, allir fá verkefni við sitt hæfi. Einföld verkefni fyrir þá sem lítið kunna en langar að spreyta sig og byrja frá grunni.

Íþróttaval (??): Að nemendur fái að kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum, leikjum og fái aukna hreyfingu. Íþróttaval veður að mestu kennt utandyra.

Yndislestur (Anna Lára): Nemendur lesa eða hlusta á bók að eigin vali í rólegheitum. Þeir skila síðan stuttri greinargerð um bókina að lestri loknum.

Spilaval (Arnheiður): Nemendur mæta í spilasmíðju einu sinni í viku. Nemendur fá að kynnst nokkrum tegundum spila, t.d. samvinnu-, samskipta- og handspilum.

Hönnun borðspila (Hörður): Langar þig til þess að hanna borðspil sem hægt er að spila og hafa gaman af? Þá er hönnun borðspila eitthvað fyrir þig! Við ætlum að hanna borðspil sem að nemendum dettur í hug og er markmiðið að hafa gaman og búa til eitthvað skemmtilegt.

Skólahreysti (??): Markmið er að nemendur auki styrk sinn og þol og læri að setja sér markmið. Tímarnir eru að öllu leyti verklegir. Sérstök áhersla verður lögð á þær æfingar sem tengjast Skólahreysti. Þeir nemendur sem komust áfram í undankeppni GF í skólahreysti og ætla sér að keppa í skólahreysti á vordögum eru sjálfskráðir í þennan áfanga. Áfanginn er þó í boði öllum þeim sem hafa áhuga á skólahreysti.

Þátttaka metin: Nemendur fá metna tómstundaiðkun utan skóla í staðin fyrir valgrein. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómstunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.

Val B og C (tvö tímabil í hvoru vali fram að áramótum)

Fluguhnýtingar (Arnheiður): Í þessu vali læra nemendur undirstöðuatriði í fluguhnýtingum og þeir hnýta nokkrar gerðir af flugum. Einnig fá þeir að hanna sínar eigin flugur.

Förðun (Anna Lára): Kennsla í grunnatriðum í sambandi við förðun og hvaða mismunandi aðferðir er hægt að nota. Nemendur vinna jafnframt tveir og tveir saman en eins mun kennari sýna förðun á nemanda og hinir fylgjast með. Farið verður yfir hvernig húð er hreinsuð eftir að hafa notað snyrtivörur.

Hugleiðsla (Arnheiður): Í hugleiðslu koma nemendur sér vel fyrir og æfa sig í núvitund og samkennd. Það felur í sér að einbeita sér að augnablikinu með ásetningi og án þess að dæma. Þjálfun í núvitund getur haft jákvæð áhrif á almenna líðan og dregið úr streitu, kvíða og depurð.

Piparkökuhúsagerð (María Sölva): Nemendur hanna og búa til piparkökuhús, -byggingu, -höll, -bíl eða hvað sem þeim hugkvæmist að baka úr piparkökudeigi. Þeir skreyta svo að vild, en skreytingarefni koma nemendur sjálfir með, hvort sem það er hið hefðbundna sælgæti eða eitthvað annað. Í lok valsins verður flottasta/frumlegasta "húsið" valið og verðlaunað fyrir það. Nemendur ráða hvort þeir vinni einir eða með félaga

Fljótlegt og einfalt (María Sölva): Búum til holla og bragðgóða rétti, millimál og orkubita, breytum uppskriftum og gerum þær hollari. Lærum að lesa á umbúðir og velja okkur frekar það sem er hollara. Prófum að gera glútenlaust, grænmetis og veganrétti.

Bakstur (María Sölva): Í þessum áfanga ætlum við að baka ýmiss konar kökur og brauð sem nemendur geta tekið með sér heim til að gæða sér á í kaffitímanum.

Fjármálafræðsla (Silla Guðna): Markmiðið er að auka fjármálalæsi nemenda svo þeir verði upplýstari og meðvitaðri neytendur. Skoðað verður hvað það kostar að vera unglingur í dag. Einnig verður farið í ýmis hugtök s.s. persónuafslátt, laun, sparnað, stéttarfélög og lífeyrisréttindi. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og verkefnavinnu.

Ræktin (??): Í líkamsræktarvali förum við yfir tæknina í helstu lyftunum: hnébeygju, réttstöðulyftu, bekkpressu o.fl. og vinnum að því að gera einstaklingsmiðuð prógröm fyrir hvern og einn sem miða að markmiðum hvers og eins.

Tilraunir (Binna): Hér gerum við tilraunir, stórar og smáar, og nýtum til þess alls konar efnivið úr daglegu lífi.

Grafísk hönnun (Anna Lára): Nemendur læra að gera auglýsingar, bæklinga og vörumerki.

Nemendaferðir (Guðrún): Nemendur sem velja þennan valáfanga koma til með að taka á móti nemendum frá Svíþjóð og Finnlandi vikuna 22.-28. september. Þeir þurfa að hýsa 1-2 nemendur og taka þátt í dagskrá með gestum okkar þá vikuna. Þeir koma til með að lesa bókina *Benjamín dúfa* sem fjallað verður um í heimsókninni. Þessir nemendur munu á móti hafa forgang í annað hvort ferð til Karlskrona í Svíþjóð 3.-7. nóvember eða til Hillerød í Danmörku 20.-24. apríl. Þessi valáfangi er í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Spilað með spilastokk (Kristín Jóns): Viltu læra að spila vinsælustu spilin á borð við kleppara, kínverska skák, félagsvist og kana? Höldum keppnir og spilum í rólegheitum.

Heimavinuaðstoð (Silla Guðna): Nemendur fá aðstoð kennara við að sinna námi sínu. Nýtist vel til að vinna við áætlanir í hinum ýmsu fögum auk þess að sinna heimavinnu.

Skrautskrift – black letter (Brynhildur): Nemendur læra undirstöðuatríði í skrautskrift, hvernig mismunandi skrautskrift er skrifuð og læra að nota skrautskriftarpenna. Hentar öllum nemendum.

Tauprykk (Brynhildur): Nemendur læra undirstöðu tauprykks og læra m.a að lita með indigo, stensla og lita í þvottavél. Unnið að lokaverkefni að eigin vali.

Píla (Halldór): Valið fer fram í aðstöðu Pílufélags Fjallabyggðar og byrja allir tímar á að ganga þangað. Nemendur læra undirstöðuatríðin við pílukast og þær reglur sem þar gilda. Nemendur læra hvernig stigagjöf í pílu virkar og hvernig hún er reiknuð út. Lögð verður áhersla á góða umgengni, samvinnu og jákvæð samskipti.

Jólaskraut/jóladund (Anna Lára): Nemendur eiga notalega stund saman við föndur á alls kyns jólaskrauti.

Teikning (Anna Lára): Nemendur þjálfá tækni og handbragð í teikningu.

Undirbúningur fyrir ökunám (Sólveig): Hvað þarf að gera áður en nemandi fær æfingaakstur? Hvað þarf nemandi að taka marga tíma í æfingaakstri áður en forsjáraðilar taka við? Hver er kostnaður við ökunámið? Hvar geta nemendur nálgast námsefni? Nemendur 10.bekkjar fá hér innsýn í ökukennslu og ökuþrófið. Nemendum er gerð grein fyrir umfangi ökukennslunnar og fá þeir innsýn í ferli ökunámsins. Nemendur læra um helstu umferðarmerki, hvernig þeir eiga að haga sér í umferðinni og margt fleira. Eflaust vakna margar spurningar hjá nemendum sem hægt er að vinna út frá.

Dagbókarskrif (Anna Lára): Nemendur búa til sína eigin dagbók í bullet journal síl (t.d. markmiðssetning).

Umhverfisnefnd (Kristín): Nemendur sem velja þennan áfanga eru í umhverfisnefnd skólans og er fyrsta verkefnið að stofna nefndina ásamt fulltrúum frá öllum bekkjum. Unnið verður að því

að gera skólann að grænfánaskóla með því að taka þátt í verkefninu “skólar og grænni grein”. Þetta val gildir alla önnina. Námsmat er byggt á þáttöku og frammistöðu nemenda í tímum.

Skólahljómsveit (Hörður): Spilarðu á hljóðfæri? Langar þig að gera það? Í skólahljómsveitar vali ætlum við að stofna hljómsveit til þess að spila saman allskonar lög og er markmiðið það eitt að hafa gaman að tónlist og hvort öðru.

Fréttamenska og formleg skrif (Hörður): Ertu fréttu þyrstur? Finnst þér gaman að þæla í fréttum? Þá er fréttamenska og formleg skrif eitthvað fyrir þig! Í þessum námskeiði fjölluðum við um hvernig maður skrifa fréttir og hvernig þær eru uppbyggðar ásamt ýmsu öðru.

Hlaðvarpsgerð (Hörður): Finnst þér gaman að tala um allskonar málefni og hluti. Í hlaðvarpsgerð ætlum við búa til hlaðvörp um hin ýmsu málefni og hluti sem að efla færni í töluðu máli, tjáningu og þá færni að segja frá skoðunum sínum.

Ukulele-kennsla (Hörður): Langar þig að læra á nýtt hljóðfæri sem er hægt að grípa í þegar þú ert í útilegu? Þá er ukulele kennsla eitthvað fyrir þig. Við lærum á grunnin í að spila ukulele og vinnum upp færni í að spila og leika á ukulele.

Körfubolti (Brian): Valið fer fram utandyra á körfuboltavellinum á skólalóðinni. Spilaður körfubolti og farið í undirstöðuatriði íþróttarinnar.

Hornbrekka – heimsóknarvinir: Nemendur heimsækja heimilisfólkið á Hornbrekkur, spjalla við þau og jafnvel spila, fara í stuttar gönguferðir eða aðstoða þau.

Aðstoð í frístund (grunnskólinn): Nemendum gefst kostur á að aðstoða og fylgjast með starfinu í frístund GF þar sem nemendur 1.-4. bekkjar eru við leik og störf. Oft er um að ræða spil, föndur, frjálsan leik og útivist. Nemendur í þessu vali taka rútu til Siglufjarðar og klára daginn þar.

Aðstoð á leikskóla (Leikskólar/Leikhólar): Nemandi mætir í leikskólann þar sem hann fær að kynnast starfi leikskólakennarans. Nemandi hjálpar til við hin ýmsu störf og kynnist venjum og háttum skólans. Valið fer fram bæði á Siglufirði og Ólafsfirði.

Þátttaka metin: Nemendur fá metna tómstundaiðkun utan skóla í stað valgreinar. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómstunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.